

Til forráðamanna- og kvenna Ísafjarðarbæjar.

Í tilefni þess að þið eruð að vinna að nýju líkani varðandi leikskólamál hér í Ísafjarðarbæ, langar okkur, kennara og annað starfsfólk leikskólans Sólborgar, að viðra við ykkur, nokkra þætti sem liggja okkur þungt á hjarta sem fagmanneskjur.

Við höfum mikla trú á því að pólitískar áherslur í skóla og fjölskyldumálum bæjarfélaga séu fyrst til þess fallnar að breyta þeirri umgjörð sem börn á Íslandi alast upp við í nútímasamfélagi. Við deilum vaxandi áhyggjum með fjölda fagaðila sem koma að velferð og uppvexti ungra barna og unglinga í þessu landi í stóru og smáu tilliti.

Staðan í dag og áhrif:

Okkur langar til að hvetja ykkur til að íhuga það umhverfi sem nærri því öll börn á Íslandi alast upp við. Það er orðið mjög algengt að börn dvelji í leikskólum í 8 – 9 ½ tíma á dag, það er fullur eða ríflega fullur vinnudagur fullorðinna. Í flestum leikskólum í stærri bæjarfélögum dvelja gjarnan 20 til 26 börn á deild (plús mínus nokkur í viðbót), í ekki miklu plássi og í mikilli nálægð við fjölda annarra einstaklinga. Við þennan fjölda bætist starfsfólk sem upplifir mikla streitu við að uppfylla þarfir barnanna varðandi umönnun, einstaklingsnánd og auk þess þær kröfur sem gerðar eru til kennslu og faglegs starfs í leikskólum í dag. Þá megið þið ekki skilja það svo að við höfum ekki löngun og metnað til þess að uppfylla þær kröfur.

En til þess að skýra myndina, þá viljum við setja þetta í samhengi. Fullorðnir þekkja vel áhrif þess að dvelja í stórum hóp í miklum klið í marga klukkutíma t.d. þegar fólk vinnur í opnu rými, tekur þátt í viðburðum s.s. fundum og ráðstefnum o.s.frv. Og við sem störfum í skólakerfinu í dag þekkjum þessar aðstæður afar vel. Álag og áreiti eykur streitu hjá fullorðnum og börn eru enn viðkvæmari fyrir slíkum aðstæðum, enda er heili þeirra og skynfæri að þroskast hvað mest á leikskólaaldrinum. Við sem höfum unnið lengi í skólakerfinu vitum að slíkt streituumhverfi magnar upp einkenni t.d. athyglisbrests, hegðunarvanda, kvíða og fleiri þátta sem mörg börn glíma við í dag. Við erum t.d. hugsuð yfir öllum þeim fjölda námskeiða sem haldin eru fyrir fagfólk og foreldra um kvíða barna.

Þá langar okkur að velta því upp hvort fólk sér það ekki í hendi sér að það þarf að skoða heildarmyndina þegar hugað er að uppeldisskilyrðum barna. Við ætlum þó ekki, að þessu sinni, að fjalla um áhrif þessa alls á heimilin beint eða fjölskyldurnar sem eru mestu auður í hverju samfélagi fyrir sig.

Við höfum þá trú að það sé ódýrara eða þjóðhagslega hagkvæmara að byggja samfélagskerfin upp á þann hátt að t.d. hafa færri börn pr. deild í leik- og grunnskólum. Einnig er það þekkt að ung börn þrífast á því að þörfum þeirra sé sinnt, þau hafa þörf fyrir mikla nánd og eins mikla einstaklingsumönnun og mögulegt er að veita þeim. Við óttumst því þá stefnu sem fram kemur í drögum að nýju leikskólamódeli Ísafjarðarbæjar að fækka starfsfólki, nema á deildum með allra yngstu börnin, halda sama barnafjölda á eldri deildum og gera okkur þar með ókleift að sinna þeim skyldum sem lög og reglugerðir ásamt námskrám kveða á um. Eins og við komum inn á hér að framan eiga fjölskyldurnar erfitt með að sinna þessum þörfum í því samfélagi sem við búum í s.b. dvalartíma barna. Þessar aðstæður sem við höfum byggt upp í

kring um lítil börn, eru ekki bara varhugaverðar hvað varðar þroskamöguleika barnanna, heldur kosta þær ómælt fjármagn. Við viljum skýra þá tilfinningu okkar betur.

Fjármálahlíðin, „sparnaður“ og áhrif:

Við viljum benda á að það kostar mikið af peningum að spara í grunninum þegar byggja skal trausta byggingu. Það er ekki flókin stærðfræði að reikna út að þegar starfsfólk er það fátt að við höfum ekki möguleika á að skila því faglega starfi sem lög kveða á um, þá mun hrikta í stoðunum.

Það er dýrt að missa starfsfólk í veikindaleyfi í tíma og ótíma vegna álags, það kostar beinharða peninga þegar upp er staðið. Þá þarf annað hvort að ráða fólk í afleysingar eða að greiða eftirvinnu og slökkva elda hér og þar. Langvarandi undirmönnun sem hefur verið viðloðandi leikskóla lengi mun alls ekki lagast með auknu álagi. Það eru margir leikskólakennarar og annað starfsfólk farin á önnur mið, við sem eftir erum lifum í von, þeirri von að okkur muni í náinni framtíð verða gert kleyft að vinna af eldmóði að því mikilvæga fagstarfi sem samkvæmt lögum á að vera aðalsmerki hvers bæjarfélags, því til heilla og vaxtar. Útbrunnið starfsfólk á líkama og sál, er því miður ekki líklegt til afreka á þessu sviði.

Það kostar mikla peninga að ná ekki að sporna við fótum varðandi vaxandi þörf fyrir íhlutun í formi sérkennslu í leikskólum og grunnskólum. Það er sorgleg staðreynd að við náum ekki að halda utan um þau mál eins og lög gera ráð fyrir. Það kostar svo áframhaldandi fjármagn upp skólakerfið og út í fullorðinssamfélagið allt. Við sjáum alveg tengingu á milli skólastiga, vaxandi þörf fyrir íhlutun, sem við ráðum ekki við, vaxandi álag á heilbrigðiskerfið o.s.frv.

Áhrif á lögbundið faglegt starf:

Við sem störfum í leikskólum berum gríðarlega mikla ábyrgð hvað varðar faglegt starf sem er til þess fallið að uppfylla öll þau lög og reglugerðir sem gilda hér á Íslandi. Það er afar mikilvægt að við sem störfum á þessu sviði, getum treyst á að þið sem farið með stjórnsýsluvaldið og haldið utan um fjármagnið varðandi rekstur leikskólanna í hverju bæjarfélagi fyrir sig, séuð sérstaklega meðvituð um hlutverk þessara stofnanna, eða öllu heldur hlutverk okkar sem erum sérfræðingar á þessu sviði og störfum í þessari nauðsynlegu grunnþjónustu. Við verðum að treysta á að þið þekkið hlutverkin til hlytar, því að rekstur fyrirtækja getur aldrei orðið arðbær ef það er ekki þekking á því hvernig tannhjólin vinna saman og hverju snúningur vélarinnar á að skila fyrirtækinu. Við viljum vísa í 2. gr. 1.kafla *Laga um leikskóla*:

2. gr.

Markmið.

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- a. að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,

- b. að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- c. að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- d. að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- e. að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- f. að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.¹

Gildishlaðin loforð:

Þetta eru ekki bara orðin tóm, þetta eru í raun gildishlaðin loforð til foreldra og forráðamanna barnanna, sem og til okkar allra sem byggjum það mannlega samfélag sem hvert bæjarfélag er. Loforð um að við ætlum að gefa hverjum og einum mikilvægum einstaklingi, sem dvelur stóran hluta æsku sinnar í stofnunum sem eiga að skila mikilvægum arði út í samfélagið, þau bestu tækifæri sem gefin eru út í öllum þeim skjölum sem búin hafa verið til í kring um væntingar samfélagsins til þessa fyrsta skólastigs. Arðurinn af þessari deild fyrirtækisins getur aldrei verið reiknaður beint í fjármagni, án þess að tengja deildina við stóru heildarmyndina. Hann er reiknaður í því hvort einstaklingarnir verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun. Sumar deildir fyrirtækjanna skila arðinum leynt og aðrar deildir ljóst og fyrirtækið blómstrar og skilar alls konar arði í fjármagni reiknað sem og mannlegum arði sem hlýtur að vera mikilvægastur þegar á heildina er litið.

Aðalnámskrá leikskóla, skólastefna hvers bæjarfélags og námskrá hvers leikskóla eru þar að auki fullar af þess konar loforðum líka.

Loforðin eru byggð á þekkingu á þroska barna:

Það er mikið áhyggjuefni að álag og streita í leikskólum hefur bein áhrif á þroska barnanna sem þar dvelja. Meðal þeirra þroskaþátta sem við höfum áhyggjur af eru t.d. málþroski barna. Það hefur aukist gríðarlega þörf fyrir íhlutun fagfólks varðandi þann þroskaþátt sem n.b. hefur áhrif á allan annan þroska. Þar eru nokkrir samverkandi þættir sem eru líklegir til að hafa áhrif. Má þar nefna að hávaði/kliður allan daginn hlýtur að draga úr athygli, tjáningu og hlustun. Það hefur áhrif á möguleika barna til að ná að þróa mál eðlilega. Þessi þáttur hefur áhrif á aðra þroskaþætti s.s. félagsþroska. Félagssþroskinn er meðal þeirra þátta sem börn og unglingar lenda gjarnan í vanda með á grunnskólaaldri. Svona þættir hafa ekki eingöngu áhrif á einstaklinga á hverjum tíma fyrir sig heldur á framtíð þeirra.

Það er vont að vinna að málefnum sem hjarta okkar brennur fyrir og þurfa að „sætta sig við“ að við getum í hæsta lagi tryggt öryggi barnanna í gegn um daginn, sem stundum er þó á mörkunum. Barnahóparnir eru gríðarlega fjölbreyttir og spila því miður alls ekki eins og tölur í exelskjali kveða á um. Eitt barn í okkar starfi er eitt barn, það getur aldrei talist vera minna en einn einstaklingur. Það reiknisdæmi endar bara á einn veg, það eru einstaklingar sem fá alls ekki þá umönnun sem þau eiga réttilega að fá. Þá er vaxandi hópur einstaklingar sem þurfa á athygli og umönnun að halda á við allan barnahópinn, þ.e. tekur „manninn á sig“ eins og við

¹ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

orðum það gjarnan. Þetta er sárt og óréttlátt gagnvart öllum börnunum, þau tapa í þessum aðstæðum.

Að lokum, að þessu sinni:

Við biðlum til ykkar að endurskoða líkanið ykkar/okkar út frá þessum punktum og horfa víðar en á þá þúsundkalla sem leggja skal fram samkvæmt exelskjalinu. Þeir þúsundkallar sem „sparast“ í því exelskjali, fjúka út úr höndunum á ykkur/okkur á öðrum exelskjölum.

Við höfum frekar þá von í brjósti að bæjarfélagið okkar geti orðið fyrirmyndarbæjarfélag hvað varðar skólamál, það eru „töfrar“ í því fölgirnir að keyra upp metnaðarfulla skólastefnu þar sem eldhuga fagfólk fær tækifæri til að taka þátt í að móta stefnuna.

Hinsvegar, ef það er raunverulega stefna bæjarfélaga í landinu okkar að skera inn í beinin varðandi leikskólamál, þá er ekki annað en sanngjarnt að setja þá stefnu fram heiðarlega og opinberlega á þeim pappírnum sem okkur er gert að starfa eftir. Við erum tilbúnar að ræða málin á faglegum grunni eftir þörfum á meðan fundinn er flötur á líkaninu.

Með virðingu og von um samstarf

Leikskólakennarar og annað starfsfólk
Leikskólans Sólborgar á Ísafirði